

Rektor setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Brynhildur Þórarinsdóttir aðjúnkt
Kristján Kristjánsson prófessor og formaður dómnefndar HA
Stefán Jóhannsson forstöðumaður kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá.

- 1. Fundargerð 259. fundar**
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
- 2. Undirbúningur rekstraráætlunar**
Ólafur sagði að frumdrög rekstraráætlunar væru tilbúin og áfram verði unnið með hana þegar gerð kennslu- og rannsóknasamnings við menntamálaráðuneyti lýkur.
- 3. Staða byggingaframkvæmda**
Rektor greindi frá því að Framkvæmdasýsla ríkisins hefði mælt með því við menntamálaráðuneyti að tilboði Tréverks ehf. verði tekið í framkvæmdir IV áfanga nýbygginga við háskólann.
- 4. Málstefna HA**
Brynhildur Þórarinsdóttir aðjúnkt kom inn á fundinn og kynnti tillögu starfshóps um tungumálastefnu háskólans. Hópin skipuðu ásamt Brynhildi þeir Andrew Brooks dósent og Rafn Kjartansson lektor. Háskólaráð samþykkti að tillagan yrði send deildum til umsagnar og framkvæmdastjórn yrði falið að fjalla um hana með tilliti til eftirfylgni.
Háskólaráð þakkaði starfshópnum afar góð störf.
Brynhildur yfirgaf fund.
- 5. Reglur um skipan vísindaráðs**
Háskólaráð samþykkti reglur um skipan vísindaráðs.

- 6. Endurskoðun reglna um störf dómnefndar**
Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar háskólans kom inn á fund og gerði grein fyrir breytingartillögum á reglum um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við HA. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.
- 7. Álitsgerð vegna gestaprófessors**
Kristján Kristjánsson kynnti álitsgerð um hæfi dr. John S. Hull sem gestaprófessor við háskólann. Háskólaráð staðfesti niðurstöðu álitsins. Þóroddur taldi að umsækjanda vantaði liðlega 100 rannsóknastig til að teljast hafa prófessorshæfi og sat hjá við atkvæðagreiðslu háskólaráðs.
Kristján yfirgaf fund.
- 8. Skipun umhverfisráðs**
Frestað.
- 9. Skipun vefstjórnar**
Háskólaráð skipaði eftirtalda í vefstjórn háskólans: Astrid M. Magnúsdóttur forstöðumann upplýsingasviðs, Jónu Jónsdóttur forstöðumann markaðs- og kynningarsviðs, Laufeyju Petreu Magnúsdóttur forstöðumann kennslusviðs og Stefán Jóhannsson sérfræðing. Jóna var skipuð formaður vefstjórnar og Stefán skipaður vefstjóri.
- 10. Endurskoðun reglna um stigamat**
Háskólaráð fól rektor að ræða við HÍ og menntamálaráðuneyti um nauðsyn þess að gerðar verði samræmdar reglur um stigamat í ríkisháskólunum. Háskólaráð gaf Þóroddi umboð til að fara á fund stigamatsnefndar til að skoða brýnustu úrlausnarefni.
- 11. Ársfundur 2007**
Samþykkt var að halda Ársfund háskólans þann 14. desember 2007.
- 12. Fundir á vormisseri**
Samþykkt var að fundir háskólaráðs á vormisseri 2008 verði haldnir: 25. janúar, 22. febrúar, 28. mars, 18. apríl, 23. maí og 20 júní. Fundirnir byrja kl. 12:15.
- 13. Önnur mál**
 - 13.1 Stefán Jóhannsson forstöðumaður kennslusviðs kom inn á fund og kynnti tillögur deilda um innritun nýnema á vorönn 2008. Háskólaráð samþykkti tillögurnar og fól kennslusviði umsýslu þar að lútandi. Ákveðið var að umsóknarfrestur verði til 2. janúar og skrásetningargjald verði kr. 22.500,-. Stefán yfirgaf fund.
 - 13.2 Lagðar voru fram til kynningar umsagnir háskólans um frumvarp til laga um íslenska tákn málið og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna íslenska tákn málsins.
 - 13.3 Lögð var fram til kynningar umsögn háskólans um tillögu til þingsályktunar um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.
 - 13.4 Lögð var fram til kynningar umsögn háskólans um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:15.